

Nd. 481. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags og viðskiptanefndar (GE, SvG, KJóh).

1. Við 2. gr.
 - a) Í stað „23%“ í mgr. komi: 22,75%.
 - b) Í stað „32%“ í 1. mgr. komi: 29,75%.
 - c) Í stað „45%“ í 1. mgr. komi: 44%.
2. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði 3. gr. og orðist svo:

Á eftir 6. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 21/1983) bætist nýr tölulíður sem orðist svo:

 7. Ef gjaldþol manns skerðist verulega vegna atvinnuleysis, aflabrests eða af öðrum skyldum orsökum.
3. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) bætist ný gr. er verði 6. gr. og orðist svo:

2. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur annars hjóna, sem skattlagt er skv. ákvæðum 63. gr. og enn er óráðstafað, skal dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. másl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem enn kann að vera óráðstafað, skal greiddur skattaðila, þó ekki hærri fjárhæð en nemur helmingi af heildarupphæð persónuafsláttar; ekki skal þó koma til útborgunar á 200 kr. eða lægri fjárhæð. Ekki skal greiða persónuafslátt til manna sem eru 20 ára eða yngri á tekjuárinu, né til manna með samanlagðar hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og reiknuð laun skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. sem nema meira en 10% af tekjuskattsstofni skv. 62. gr. Sá hlutur persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.
4. Við 5. gr. Í stað „51%“ komi: 59%.